

**GJALDSKRÁ****Hitaveitu Blönduóss.**

## 1. gr.

Hitaveitan selur hitaorku úr hitaveitukerfum þeim, sem gerð hafa verið eða verða gerð, eftir þeim reglum sem settar eru í gjaldskrá þessari og reglugerð fyrir Hitaveitu Blönduóss.

## 2. gr.

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

	Kr.
a) Fastagjald fyrir hvern mæli á mánuði . . . . .	660,00
b) Vatnsgjald um vatnsmæli til almennra nota, fyrir rúmmetra vatns . . . . .	40,00
c) Vatnsgjald um vatnsmæli til sérnota, fyrir rúmmetra vatns . . . . .	74,00
d) Gjald fyrir lokun og enduroppnun . . . . .	1 320,00

Þar sem magnmælir er notaður er hitaveitunni heimilt að setja búnað er takmarkar rennsli til notenda við áætlaða hámarksþörf. Hitaveita Blönduóss getur leiðrétt reikninga í þeim tilvikum þegar hitastig vatns við hámarksrennsli nær ekki tilskyldu hitastigi.

## 3. gr.

Óski notandi þess að lesið sé á mælitæki hans utan reglubundins álestrartíma hitaveitunnar og honum gerður sérstakur reikningur eða hann hefur óskað eftir prófun á stillingu hemils eða mælis og í ljós kemur að frávik er innan við 5% frá réttri stillingu, skal hann greiða . . . . . kr. 660,00

## 4. gr.

Heimæðargjald Hitaveitu Blönduóss skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

Rúmmál húss (Utanmál)	Heimæðargjald
Allt að 300 m <sup>3</sup>	89 305,00 kr.
300– 2 000 m <sup>3</sup>	89 305,00 kr. fyrir 300 m <sup>3</sup> og 81,90 kr/m <sup>3</sup> þar yfir
2 000– 6 000 m <sup>3</sup>	228 811,00 kr. fyrir 2 000 m <sup>3</sup> og 65,20 kr/m <sup>3</sup> þar yfir
6 000–10 000 m <sup>3</sup>	489 482,00 kr. fyrir 6 000 m <sup>3</sup> og 53,10 kr/m <sup>3</sup> þar yfir
Meira en 10 000 m <sup>3</sup>	701 881,00 kr. fyrir 10 000 m <sup>3</sup> og 45,90 kr/m <sup>3</sup> þar yfir

Stofngjald fyrir hvern aðrennismæli er . . . . . kr. 9 127,00 umfram einn á sama inntaki.

Gjöld þessi eru miðuð við byggingarvísitölu 1. október 1989 153,7 stig. Hitaveitunni er heimilt að breyta gjöldum þessum í samræmi við birtingu á nefndri vísitölu.

## 5. gr.

Breytingar á vatnsgjöldum samkvæmt 2. gr. skulu háðar samþykktum bæjarstjórnar Blönduóss, að fengnum tillögum frá veitunefnd. Breytingar á gjaldskrá þessari skulu staðfestar í iðnaðarráðuneytinu hverju sinni.

## 6. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldenda.

Gjaldskrá þessi sem samin er og samþykkt af veitunefnd Hitaveitu Blönduóss og sett samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi 1. desember 1989 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis, nr. 156, 20. mars 1989.

*Iðnaðarráðuneytið, 21. nóvember 1989.*

F. h. r.  
**Páll Flygenring.**

*Guðrún Skúladóttir.*

## REGLUGERÐ

**um varðveislu verðbréfa verðbréfasjóða.**

1. gr.

Verðbréf verðbréfasjóða skulu geymd á öruggum stað í eldtraustu öryggishólfi sem er á svæði stærra öryggiskerfis.

2. gr.

Verðbréfafyrirtækjum, sem annast rekstur verðbréfasjóða, er heimilt að fela viðskiptabanka eða sparisjóði gæslu verðbréfa viðkomandi sjóðs, enda sé öryggisgæsla ekki lakari en kveðið er á um í 1. gr.

3. gr.

Bókhalds- og skráningargögn verðbréfasjóða skulu varðveitt í eldtraustu öryggishólfi. Afrit þessara gagna skulu geymd á öðrum tryggum stað.

4. gr.

Aðgangur að verðbréfum og bókhalds- og skráningargögnum verðbréfasjóða skal takmarkaður við þá starfsmenn verðbréfafyrirtækis, sem annast rekstur viðkomandi verðbréfasjóðs, endurskoðendur þess og endurskoðendur verðbréfasjóðs.

Ákvæði 1. mgr. raska í engu heimildum bankaeftirlits Seðlabanka Íslands til aðgangs að gögnum og upplýsingum hjá verðbréfafyrirtækjum, verðbréfasjóðum og endurskoðendum þeirra, sbr. l. nr. 20/1989.

5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 25. gr. laga nr. 20/1989, öðlast þegar gildi.

*Viðskiptaráðuneytið, 22. nóvember 1989.*

**Jón Sigurðsson.**

*Björn Friðfinnsson.*